

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. október 2020

40. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

**MICHELSEN**  
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

**Aðeins Seðlabankinn á gjaldeyri**  
Selt fyrir 46 milljarða frá því að tilkynnt var um reglubundna sölu. Enn þrýstingur á gengið vegna gjaldeyriskaupa erlendra aðila og lífeyrissjóða.

2

**Hækkun kröfunnar litar lánskjör**  
Fá samanburðarlönd hafa horft upp á álíka hækkun ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa og Ísland. Ekkert bólar á skuldabréfakaupum Seðlabankans.

4

**Breytinga að vænta á tekjumörkum**  
Orkustofnun breytir útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði Landsnets fyrir næsta ár. Samt tvöfalt hærri en í nágrannalöndum.

6

**Tónleikum streymt gegn áhorfsgreiðslu**  
Jólatónleikar Björgvins Halldórs-sonar munu fara fram í beinni útsendingu á netinu og verður hægt að fylgjast með þeim gegn greiðslu.

10

**Þáttaskil fram undan?**  
Séð frá sjónarhóli erlendra fjárfesta ætti íslenskur skuldabréfamarkaður að vera aðlaðandi við núverandi aðstæður, segir Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum.

14



**Megum engan tíma missa**

Sæmundur Oddsson, annar stofnandi Sidekick Health, segir að fyrirtækið sé með samkeppnisforskot núna. Nýta á fjármögnun frá erlendum vísisjóðum til að styðja við óran vöxt sprotans. ➔8

Tækifærið sem við stöndum frammi fyrir er gríðarlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


**Sjónmælingar eru okkar fag**

Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is)  
og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

## Innflæði að frádregnu útflæði í hlutabréfasjóði

HEIMILD: SEÐLABANKI



## Fé streymir aftur í hlutabréfasjóði

Undanfarna fjóra mánuði, frá júní til september, hefur töluvert meira fé streymt í hlutabréfasjóði en úr þeim. Samtals um 2,6 milljarðar króna á tímabilinu eða um 655 milljónir króna að meðaltali í hverjum mánuði. Viðsnúningurinn hófst í júní, samkvæmt tölum frá Seðlabankanum.

Sérfræðingar á hlutabréfamarkaði telja ástæðuna fyrir því að aukið fé leiti í hlutabréfasjóði vera lágt vaxtastig.

„Það er búin að vera góð stemning á hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur sem meðal annars sést á töluverðu innflæði í hlutabréfasjóði,“ segir Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslandssjóða.

Frá október 2019 fram í janúar 2020 var stanslaust innflæði í hlutabréfasjóði þegar fjárfestar lögðu þeim til meira fé en tekið var úr þeim. Þegar COVID-19 blossaði upp með tilheyrandi óvissu um hver áhrifin yrðu á efnahagslífið drögu fjárfestar fé úr sjóðunum í meira mæli en lagt var inn. Í febrúar námu nettó úttektir

2,4 milljörðum króna úr sjóðunum, 2,2 milljörðum í mars og samtals 838 milljónum í apríl og maí. Samtals var um að ræða 5,4 milljarðar króna.

Kjartan Smári segir að flestum skráðu félögum hafi gengið vel að takast á við áskoranir ársins og á heildina litið sé stada skráðra félaga sterk hér á landi. „Á sama tíma hafa vextir á innlánum lækkað hratt og sparifjäreigendur í leit að góðri ávöxtun þurfa að dreifa eignasafni sínu á milli skuldabréfa, hlutabréfa og innlána. Það er áhugavert að skoða misgóðan árangur innlendra hlutabréfasjóða en nú liggur ársávöxtun þeirra allt frá 26 prósentum niður í átta prósent,“ segir hann.

Frá því í mars hafa mörg félög hækkað verulega í verði og fimm lækkað í verði.

Eignir hlutabréfasjóða námu 70,3 milljörðum í september og jukust um 18 prósent frá því í mars. Í janúar námu eignir sjóðanna 75,7 milljörðum króna en í mars höfðu þær lækkað um 21 prósent í 59,7 milljarða króna. – hvj

# Aðeins Seðlabankinn getur útvegað gjaldreyri

Selt fyrir 46 milljarða síðan bankinn tilkynnti um reglubundna sölu á gjaldreyri. Enn þrýstingur á gengið vegna áhuga erlendra aðila og lífeyrissjóða á að kaupa gjaldreyri. Seðlabankastjóri vill að ríkið fari í stóra útgáfu erlendis.

Seðlabanki Íslands hefur selt gjaldreyri fyrir samtals 282 milljónir evra, jafnvirði 46 milljarða króna, frá því að bankinn boðaði þann 9. september síðastliðinn að hann myndi hefja reglulega sölu á gjaldreyri til ársloka í því skyni að auka dýpt markaðarins og koma á meiri stöðugleika. Gengi krónunnar hækkaði skarpt fyrstu dagana eftir tilkynningu bankans – úr tæplega 166 krónum gagnvart evru í 160 krónur – en hefur síðan stöðugt lækkað og er nú komið á sömu slóðir og áður þrátt fyrir mikil gjaldreyrisinnngrip Seðlabankans.

Ragnar Björn Ragnarsson, gjaldreyrismiðlari hjá Arion banka, segist í samtali við Markaðurinn telja að það sé enn áhugi hjá erlendum aðilum og lífeyrissjóðum á að kaupa gjaldreyri þó gengisveikingin undanfarna daga kunni að hafa dregið úr þeim áhuga. „Eins og staðan er í dag,“ útskýrir hann, „er enginn annar en Seðlabankinn sem getur útvegað þann gjaldreyri.“

Af þeim gjaldreyri sem Seðlabankinn hefur selt frá tilkynningu bankans í september er aðeins líðlega þriðjungur vegna reglulegrar sölu til viðskiptavaka upp á 3 milljónir hvern viðskiptadag. Gjaldreyrisala Seðlabankans á undanföllum vikum hefur einkum komið til vegna sölu erlendra fjárfestingasjóða á ríkisskuldabréfum. Þannig hefur BluBay Asset Management, eitt stærsta eignastýringar fyrirtæki í Evrópu, losað um meginþorra allra ríkisbréfa í eigu sjóðsins og selt fyrir vel á fjórða tug milljarða króna frá því í ágúst, að sögn þeirra sem þekka vel til á skuldabréfamarkaði.

Þá var samkomulag Seðlabankans við lífeyrissjóðina, um að þeir myndu gera hlé á gjaldreyriskaupum sínum, ekki framlengt þegar það rann út þann 17. september síðastliðinn. Hafði samkomulagið varað í sex mánuði.

Ragnar Björn segir að áframhaldið á gjaldreyrismarkaði verði í höndum Seðlabankans. „Það má líka líta á þetta sem tækifæri fyrir bankann til að minnka gjaldreyrisforðann sem er stór og dýr og stóð í rúmlega 943 milljörðum króna í lok september. Það er líklegt og eðlilegt



Seðlabankastjóri talar fyrir því innan stjórnkerfisins að ríkið ráðist í stóra skuldabréfaútgáfu á erlendum mörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Nettó sala Sí á gjaldreyri í ár (ma.)

Mars:	8,5
Apríl:	7,2
Mai:	-2,7
Júní:	-0,8
Júlí:	4,3
Ágúst:	15,6
September:	24,8
Oktober:	25,7

að Seðlabankinn grynki talsvert á forðunum á þessu ári og því næsta, þar til ferðapjónustan tekur við sér. Það er hlutverk gjaldreyrisforða að viðhalda stöðugleika þegar áföll dynja yfir og honum var einkum safnað upp þegar gjaldreyrisinnflæði var meira en kerfið réð við á árunum 2015 til 2017.“

Frá upphafi kórónaveirufaraldursins, sem hefur nánast þurrkað út allar gjaldreyristekjur vegna ferðapjónustunnar og eins verið mikið högg fyrir aðrar útflutningsgreinar, nemur hrein gjaldreyrissala Seðlabankans jafnvirði um 83 milljarða króna, eða tæplega 10 prósentum af stærð forðans. Þrátt fyrir að gjaldreyrisforðinn hafi minnkað nokkuð á árinu er hann enn langt yfir forðaviðmiðum Alþjóðagjaldreyrissjóðsins (AGS). Þannig gæti Seðlabankinn selt samtals um 2,5 milljarða evra, jafnvirði um 410 milljarða íslenskra

króna á núverandi gengi, áður en forðinn væri kominn að lágmarks- viðmiðum AGS.

Samhliða gengisveikingu krónunnar hefur tólf mánaða verðbólga Seðlabankans aukist á undanföllum mánuðum – úr 2,4 prósentum í febrúar í 3,5 prósent í dag – en verðbólguvæntingar hafa hins vegar að mestu haldist við 2,5 prósent markmið Seðlabankans. Asgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið í síðasta mánuði að gengi krónunnar væri „orðið mjög lágt, mun lægra en fær staðist við eðlilegt framleiðslustig í efnahagslífinu.“

Fram hefur komið í máli seðlabankastjóra opinberlega að ein af þeim leiðum sem ríkissjóður gæti farið til að fjármagna umtalsverðan hallarekstur – lánsfjárbörfin er yfir 500 milljarðar á næstu tveimur árum – væri að skoða skuldabréfaútgáfu erlendis. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur seðlabankastjóri á síðustu vikum talað fyrir því innan stjórnkerfisins og í samtölum við ráðherra að ríkið ráðist í slíka erlenda fjármögnun þar sem horft væri til þess að sækja vel á annað hundrað milljarða. Slík útgáfa, sem myndi minnka innlenda fjárförf ríkissjóðs, ætti einnig að vera til þess fallin að styðja við gengi krónunnar með auknu innflæði fjármagns. [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

## MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Ægisson [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

Netfang auglýsingadeildar [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) Veffang [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



# 89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Viðar Ingi Pétursson, [vip@frettabladid.is](mailto:vip@frettabladid.is)

## Áskorendabanki landar fjármögnun

Fjártæknifyrirtækið og áskorendabankinn indó hefur gengið frá fjármögnun upp á rúmlega 70 milljónir króna samkvæmt heimildum Markaðarins. Fjármögnunin skiptist þannig að rúmlega 30 milljóna króna var aflað með hlutafjárfestingu og rúmlega 40 milljóna með útgáfu breytanlegs skuldabréfs til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Áður hafði indó tekið inn rétt um 100 milljónir króna og nemur því hlutafjárfesting félagsins frá stofnun um 140 milljónum króna.

Stofnendur indó, Haukur Skúlason og Tryggvi Björn Davíðsson, sögðu haustið 2019 að félagið áformaði að bjóða upp á veltureikninga sem hægt væri að tengja við debetkort. Ólíkt hefðbundinni bankastarfsemi yrðu innistæður viðskiptavina indó ekki lánadar út nema til ríkisins. Þannig yrðu öll innlán hjá indó lögð inn á reikning hjá Seðlabankanum eða fjárfest í ríkisskuldabréfum. Báðir stofnendur indó hafa starfað á fjármálamarkaði um langt skeið. Haukur starfaði í tíu




Haukur Skúlason og Tryggvi Björn Davíðsson, stofnendur Indó.

ár hjá Íslandsbanka þar sem hann var meðal annars forstöðumaður framtaksfjárfestinga og forstöðumaður greiningar og stefnumótunar á viðskiptabankasviði. Tryggvi Björn var framkvæmdastjóri Markaða hjá Íslandsbanka á árunum 2011 til 2017 en fyrir það starfaði hann

hjá Barclays Capital í London við að byggja upp skuldabréfafjárfestingasvið breska bankans.

Nýlega gekk Gréta María Grétarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Krónunnar, til liðs við indó sem ráðgjafi á sviði stefnumótunar viðskiptavina. – þfh



# Góð yfirsýn yfir reksturinn

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

*Bókhald / Laun / Skattur / Ráðgjöf*



PwC | Sími 550 5300 | [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

# Hækkun ávöxtunarkröfu litar lánskjöri

Fá samanburðarlönd hafa horft upp á álíka hækkun ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa og Ísland. Hækkun kröfunnar farin að bitna á heimilinum. Ekkert bólar á kaupum Seðlabankans á ríkisskuldabréfum. Gæti dregið úr fjárfestingu og þannig hægt á efnahagsbata.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



**H**ækkun ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa á síðustu mánuðum, sem hefur hingað til bitnað á lánskjörum sveitarfélaga og fyrirtækja, er nú byrjuð að hafa bein áhrif á heimilin. Hækkun kröfunnar er veruleg miðað við önnur samanburðarlönd.

„Allir vextir á markaði miðast við ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa. Þegar hún hækkar hefur það keðjuverkandi áhrif á alla vexti í íslenskum krónum. Það er óumflýjanlegt og við sjáum áhrifin koma fram á hverjum einasta degi. Sveitarfélög eru nú að fá verri lánskjöri á lengri lántökum en þeim buðust fyrir nokkrum mánuðum. Sama gildir um fasteignafélög og öll önnur fyrirtæki og nú er hækkun ávöxtunarkröfunnar byrjuð að hafa bein áhrif á heimilin,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í skuldabréfum hjá markaðsviðskiptum Arion banka. Hann bætir við að önnur afleiðing sé að fleiri félög horfi til þess að fjármagna sig til skamms tíma í senn.

Íslandsbanki ætlar að hækka vexti á húsnæðislánum í vikunni. Var hækkunin rökstudd með vísan til hækkandi ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði. Vaxtahækkun Íslandsbanka nemur allt að 0,35 prósentustigum og nær til verðtryggðra húsnæðislána og lána á föstum, óverðtryggðum vöxtum.

Bankar fjármagna útlán til íbúðakaupa með því að gefa út svokölluð sértryggð skuldabréf, en verðlagning þeirra miðast við ákveðið álag ofan á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa. Þegar ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hækkar þá hækkar sömuleiðis ávöxtunarkrafa sértryggðu bréfanna og þar með fjármögnunarkostnaður bankanna og vextir á íbúðalánum.

„Þetta er bein afleiðing þess að ávöxtunarkrafa á sértryggðum skuldabréfum bankanna fylgir eftir hækkun á ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréfamarkaði og þar af leiðandi enda heimilin á því að borga hærri vexti af húsnæðislánum,“ segir Stefán Broddi.

Ávöxtunarkrafa fimm ára óverðtryggðra íslenskra ríkisskuldabréfa, sem hefur hvað mest áhrif á íbúðalán og fyrirtækjalán, hefur á síðustu sex mánuðum hækkad töluvert meira en ávöxtunarkrafan hjá samanburðarlíkjum. Gildir þá einu hvort lítið sé einn mánuð, þrjá mánuði eða sex mánuði aftur í tímann. Ávöxtunarkrafan hefur hækkad um 0,63 prósentustig á síðustu sex mánuðum.

Sama gildir um ávöxtunarkröfu 10 ára ríkisskuldabréfa en einungis í Brasilíu, sem er með háa vexti, verðbólgu og lágt lánsþæfismat, má finna meiri hækkun ávöxtunarkröfu síðustu þrjá mánuði. Ef horft er sex mánuði aftur í tímann hefur ávöxtunarkrafa íslenskra ríkisskuldabréfa hækkad mest miðað við önnur samanburðarlönd.


Þá sker Ísland sig úr hópnum hvað varðar mun á ávöxtunarkröfu fimm ára ríkisskuldabréfa annars vegar og stýrivöxtum hins vegar. Munurinn hér er 1,79 prósentustig, en næst kemur Ungverjaland með 1,16 prósentustig.

Hækkun á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa á undanföllum vikum má meðal annars rekja til umfangsmikillar sölu erlendra fjárfestingarsjóða. BlueBay Asset Management, eitt stærsta sérhæfða skuldabréfastýringarfyrirtæki Evrópu, hefur frá því í ágúst selt íslensk ríkisskuldabréf fyrir vel yfir 30 milljarða króna að sögn þeirra sem þekkja vel til. BlueBay, sem hóf innreið sína á skuldabréfamarkaðinn árið 2015, hefur verið einn stærsti eigandi íslenskra ríkisskuldabréfa ásamt bandaríska eignastýringarfélaginu Eaton Vance Management.



Munurinn á ávöxtunarkröfu 5 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa og stýrivaxta er 1,79 prósentustig. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Eignarhald seðlabanka á ríkisskuldabréfum sem hlutfall af heildarmarkaði



HEIMILD: OECD

## Breyting á ávöxtunarkröfu 5 ára óverðtryggðra skuldabréfa

	1 MÁN	2 MÁN	6 MÁN	9 MÁN	Munur á stýrivöxtum
Ísland	0,31%	0,53%	0,63%	-0,38%	1,79%
Ástralía	-0,01%	-0,13%	-0,15%	-0,50%	0,04%
Bretland	0,06%	-0,05%	-0,20%	-0,42%	-0,13%
Kanada	0,03%	-0,04%	-0,06%	-1%	0,13%
Síle	-0,10%	-0,01%	-0,63%	-0,98%	0,95%
Danmörk	-0,03%	-0,12%	-0,20%	-0,08%	0,00%
Þýskaland	-0,06%	-0,14%	-0,11%	-0,19%	-0,77%
Ungverjal.	0,02%	0,18%	0,23%	0,47%	1,16%
Japan	0,02%	0,02%	0,05%	0,02%	0,01%
Mexíkó	0,18%	-0,05%	-0,42%	-1,42%	1,04%
Pólland	-0,15%	-0,28%	-0,51%	-1,44%	0,37%
Svíþjóð	0,01%	-0,06%	-0,01%	-0,03%	-0,29%
Sviss	-0,01%	-0,08%	-0,10%	0,03%	0,02%
Bandaríkin	0,08%	0,07%	-0,02%	-1,15%	0,23%

■ Hæsta gildið

skuldabréf fyrir vel yfir 30 milljarða króna að sögn þeirra sem þekkja vel til. BlueBay, sem hóf innreið sína á skuldabréfamarkaðinn árið 2015, hefur verið einn stærsti eigandi íslenskra ríkisskuldabréfa ásamt bandaríska eignastýringarfélaginu Eaton Vance Management.

Seðlabankinn boðaði kaup á ríkisskuldabréfum, svokallaða magnbundna íhlutun, fyrir allt að 150 milljarða í mars, en þannig vildi bankinn tryggja að fjármagnspörf ríkissins myndi ekki þrýsta upp ávöxtunarkröfunni. Frá þeim tíma hefur bankinn hins vegar aðeins keypt ríkisskuldabréf fyrir um 900 milljónir.

„Útlit er því fyrir að afkoma ríkissjóðs versni í ár og að hann þurfi að afla sér töluverðs lánsfjár með útgáfu ríkisskuldabréfa. Að öðru óbreyttu dregur það lausafé úr umferð og þrýstir upp ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa, sem truflar eðlilega miðlun peningastefnunnar á sama tíma og aðgerðir Seðlabanka Íslands miða að því að létta á fjármála- legum skilyrðum heimila og fyrirtækja,“ sagði í yfirlýsingu peningastefnufundar Seðlabanka Íslands þegar aðgerðin var kynnt.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, bendir á að í vor hafi Seðlabankinn tilkynnt að uppkaupt skuldabréfamarkaði gætu numið allt að 20 milljörðum króna á öðrum og þriðja ársfjórðungi, en raunin varð sú að heildarkaup bankans á öðrum fjórðungi námu 892 milljónum króna. Kaupin á þriðja fjórðungi voru engin.

„Ég held að það skilji fáir hvers vegna Seðlabankinn er ekki að beita uppkauptum í meira mæli. Það sem við höfum kallað eftir er aukinn fyrirsjáanleiki vegna þeirrar

skuldabréfa, sem truflar eðlilega miðlun peningastefnunnar á sama tíma og aðgerðir Seðlabanka Íslands miða að því að létta á fjármála- legum skilyrðum heimila og fyrirtækja,“ sagði í yfirlýsingu peningastefnufundar Seðlabanka Íslands þegar aðgerðin var kynnt.

**Kannski hélt Seðlabankinn að það dygði að sýna tennurnar en að lokum mun hann þurfa að gripa inn í.**

Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í skuldabréfum hjá markaðsviðskiptum Arion banka



miklu óvissu sem ríkir. Allar skýringar væru til bóta því það er greinilega kominn óróleiki í markaðinn,“ segir Anna Hrefna.

„Það sem er að raungerast núna er hækkun vaxta á lengri endanum, líklega vegna þess að fjárfestar hafa áhyggjur af þeirri miklu fjármagnspörf sem er fram undan og það gerir fjármögnun ríkissins dýrari en hún annars væri.“

**Ríkisskuldabréfakaupt í mýflugumynd**  
Peningastefnufundur taldi á fundi sínum fyrir í þessum mánuði ekki vera ástæða til „umfangsmikillar [magnbundinnar] íhlutunar, þar sem framboð á ríkisskuldabréfum hefði ekki aukist til muna og verðmynd-

## Lífeyrissjóðir líta ekki við ríkisskuldabréfum

Viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði segja áhyggju- efni að lífeyrissjóðir sjái ekki hag sinn í því að kaupa ríkisskuldabréf. Færa megi rök fyrir því að lífeyrissjóðir séu ekki sammála vaxtastigi stjórnvalda og taki því ekki þátt í að fjármagna stjórnvöld til lengri tíma.

Stefán Broddi bendir á að útböð á lengri skuldabréfum ríkissjóðs hafi verið „mjög dýpur“. Ríkið hafi fjármagnað sig með útgáfu á stuttum skuldabréfum og helstu kaupendur hafi verið bankarnir, sem búa við rúma lausafjárstöðu. Ef ríkið ætlar hins vegar að fjármagna sig til lengri tíma þurfi aðrir að koma að borðinu.

„Það er ekki að sjá að þessir hefðbundnu kaupendur á markaði, lífeyrissjóðirnir, séu að kaupa ríkisskuldabréf þegar ávöxtunarkrafan er á þessum slóðum, hvorki verðtryggð né óverðtryggð. Hver á þá að fjármagna þetta mikla framboð sem er að koma frá ríkinu? Einungis Seðlabankinn kemur til greina, nema erlendir fjárfestar fari að sýna landinu áhuga á ný,“ segir Stefán Broddi.

„Á meðan Seðlabankinn og lífeyrissjóðirnir halda að sér höndum er ekki að sjá annað en langtíma vextir haldist áfram mun hærri á Íslandi en í nágrennalöndunum, þó svo að stýrivextir hafi verið lækkaðir.“

un og virkni markaða verið eðlileg. Nefndarmenn voru sammála um að þótt langtímaávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði hefði þokast upp að undanförunu, væri ekki til- efni til kröftugri viðbragða að sinni.“

Stefán Broddi segir að magn- bundna íhlutunin sé í algjörrri mýflugumynd. „Kannski hélt Seðlabankinn að það dygði að sýna tennurnar en að lokum mun hann þurfa að gripa inn í, eins og seðlabankar hafa verið að gera úti um allan heim, ef hann vill hafa áhrif á langtíma- vexti.“

Spurður hvort Seðlabankinn vilji biða þangað til erlendir sjóðir klári sölu sína á íslenskum ríkisskuldabréfum segir Stefán að Seðlabankinn þurfi að svara fyrir það. „En Seðlabankinn hefur reynt að halda uppi gengi krónunnar á meðan erlendir sjóðir fara af markaðinum sem þýðir að þeir hafa fengið betra verð fyrir krónurnar en annars hefði orðið.“

## Gæti bitnað á efnahagsbata

Hækkun ávöxtunarkröfunnar getur torvaldað hagkerfinu að komast í gegnum kórónakreppuna að sögn Stefáns.

„Ef ríkið ætlar að fjármagna stór verkefni sem hafa langan líftíma, þá ræðst ávöxtunarkrafan sem er lögð á svona verkefni af langtíma- vöxtum. Ef langtíma vextir hækka þá er ljóst að færri framkvæmdir verða metnar arðbærar, ráðist verður í færri framkvæmdir en ella og færri störf verða sköpuð. Og okkur vantar aldeilis að skapa störf á Íslandi í dag,“ segir Stefán Broddi.

Eins og fram kom í Hagsjá hagræðideildar Landsbankans gerir spá Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins (AGS) ráð fyrir því að hlutfallsleg aukning atvinnuleysis milli 2019 og 2020 í þróuðum ríkjum verði næst- mest hér á landi. AGS spáir því að atvinnuleysisið hér á landi fari úr 3,6 prósentum árið 2019 og í 7,2 prósent á þessu ári og tvöfaldist milli ára.

# GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU



## SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.



Veginn fjármagnskostnaður Landsnets samkvæmt reikniformúlu Orkustofnunar lækkar lítillega á næsta ári og mun standa í 5,77 prósentum. MYND/ADSEND

# Breytinga að vænta á leyfðum tekjumörkum Landsnets

Tekjumörk og gjaldskrá Landsnets eru ákvörðuð með lögum og tillögur um breytingar þar að lútandi verða lagðar fram á næstu vikum. Orkustofnun breytti útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði Landsnets fyrir næsta ár, sem verður þó engu að síður um það bil tvöfalt hærri en í nágrannalöndum.

Þóroddur Gunnarsson  
thg@frettabladid.is



## 42%

var meðaleiginfjárlutfall Landsnets á árunum 2015 til 2019 samanborið við 25 prósent hjá Statnett.

Frumvarp um breytingar á raforkulögum mun líklega birtast í samráðsgátt stjórnvalda á næstu vikum, en þar verða meðal annars lagðar til breytingar á tekjumörkum og gjaldskrármálum Landsnets. Á þingmála-skrá kemur fram að frumvarpi þessa efnis verði dreift til þingmanna í næsta mánuði. Tekjumörk Landsnets eru ákvörðuð með lögum, en veigamikill þáttur við gjaldskrá Landsvirkjunar. Veginn fjármagnskostnaður Landsnets, sem er metinn einu sinni á ári af sérstakri nefnd Orkustofnunar, er af mörgum sagður of há sem orsaki það að gjaldskrá Landsnets sé með þeim hætti að hún grafi undan samkeppnishæfni íslensks orkumarkaðar.

Greint hefur verið frá því að hinn metni, vegni fjármagnskostnaður Landsnets endurspeglar ekki raunverulegan fjármagnskostnað fyrirtækisins. Það er ekki síst vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til grundvallar. Einkum hefur notkun 10 ára hlaupandi meðaltals skuldatryggingaálag Íslands ríkisins verið gagnrýnd, en skuldatryggingaálag Íslands var enn þá í hæstu hæðum á fyrri hluta undanliðsins áratugar þar sem mál á borð við Ice-save-deiluna höfðu ekki enn verið leidd til lykta.

Einnig hefur verið bent á að skuldatryggingaálag Íslands kunni að hækka nú, þar sem ferðaþjónustan – ein af þremur stóðum íslensks útflutnings – hefur nú í meginatriðum horfið af sjónarsviðinu. Því skjóti skökku við að veiking einnar

þriggja stöða útflutnings geti þannig óbeint grafið undan annarri af hinum tveimur sem eftir standa með hækkan gjaldskrár Landsnets.

Á samráðsfundi Orkustofnunar með hagsmunaaðilum fyrir á þessu ári voru hins vegar lagðar til breytingar á útreikningi á vegnum fjármagnskostnaði Landsnets á næsta ári. Ásamt breytingu um metna fjármagnsskipan Landsnets verður skuldatryggingaálag bandaríska ríkisins dregið frá álaginu á íslenska ríkið. Markaðsálag Landsnets hækkar hins vegar á móti og er það útskýrt með seljanleikaáhættu bréfa fyrirtækisins, sem segja má að sé athyglisverð forsenda, enda um að ræða fyrirtæki með náttúrulega einokun á flutningi raforku á Íslandi.

Heildaráhrifin eru þau að veginn fjármagnskostnaður Landsnets fyrir árið 2021, að raunvirði fyrir skatta, verður metinn 5,77 prósent. Án breytinganna sem gerðar voru á útreikningnum hefði fjármagnskostnaðurinn verið metinn 5,93 prósent. Að óbreyttu er því ekki mikilla breytinga að vænta á tekjumörkum Landsnets á næsta ári.

## Starfshópur um kaup ríkissjóðs á Landsneti sagður munu skila af sér á fyrri hluta næsta árs

Fyrir stofnun Landsnets var flutningur raforku að mestu í höndum Landsvirkjunar, en evrópskar reglur um aðskilnað framleiðslu og flutnings raforku kallaði á stofnun fyrirtækisins árið 2005.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, var einna fyrstur til að vekja athygli á þeirri óheppilegu stöðu að framleiðendur rafmagns væru eigendur flutningskerfis raforku í fyrirspurnatíma á Alþingi árið 2007. Hins vegar gerðist lítið í eignarhaldsmálum Landsnets fyrr en í desember 2018 þegar ríkisstjórnin samþykkti að taka upp viðræður um að ríkið keypti Landsnet af núverandi eigendum, sem eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Á ríkisstjórnarfundum

Forsvarsmenn Landsnets hafa réttilega bent á það að ákvörðun gjaldskrár, tekjumarkna og metins fjármagnskostnaðar fyrirtækisins liggja ekki hjá þeim sjálfum. Þeir hafa einnig sagt að metinn fjármagnskostnaður sé að sama skapi sambærilegur við það sem gerist í nágrannalöndunum.

Sé lítið til nágrannalöndanna kemur hins vegar annað í ljós. Veginn fjármagnskostnaður hins norska Statnett að raunvirði fyrir skatta var þannig metinn 3,3 prósent á síðasta ári af norsku orkustofnuninni (Norges vassdrags- og energidirektorat). Sé lítið til Svíþjóðar var veginn fjármagnskostnaður Vattenfall Eldistribution, eins helsta flutningsaðila

í febrúar 2019 var síðan samþykkt að koma á starfshópi til að leiða viðræður um kaup ríkisins á Landsneti. Vinnu starfshópsins átti að ljúka fyrir árslok 2019. Engin niðurstaða hefur hins vegar fengist frá starfshópnum enn.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu orku, iðnaðar og viðskipta, sem starfar innan atvinnuvegaráðuneytisins, er nú áætlað að vinnu starfshópsins ljúki á fyrri hluta næsta árs. Í fréttatilkynningu Stjórnarráðsins frá árinu 2019 var virði Landsnets áætlað á bilinu 80 til 85 milljarðar. Ekki liggur fyrir hvort tillögur starfshópsins muni taka á fjármögnun ríkisins vegna hugsanlegra kaupa á Landsneti, en halli á rekstri ríkisins á þessu og næsta ári er áætlaður um 600 milljarðar króna samanlagt.

raforku þar í landi, metinn 2,35 prósent af orkustofnun Svíþjóðar (Energimarknadsinspektionen).

Bent hefur verið á að arðsemi eiginfjár Landsnets gefi það til kynna að tekjur félagsins séu undir eðlilegum mörkum. Meðalardsemi eiginfjár hins norska Statnett hefur þannig verið um níu prósent að meðaltali síðastliðin fimm ár, samanborið við sex prósent hjá Landsneti.

Við þennan samanburð ber þó að hafa í huga að meðaleiginfjárlutfall Statnett á sama tímabili var 25 prósent, á meðan það var 42 prósent hjá Landsneti. Eðli máls samkvæmt eykst þannig arðsemi eiginfjár með lækkandi eigin fé, að því gefnu að tekjur haldist nokkuð stöðugar sem

## Sala á Landsneti myndi ekki auka arðsemi Landsvirkjunar

Bent hefur verið á að sala Landsvirkjunar á tæplega 65 prósent hlut sínum í Landsneti myndi hugsanlega auðvela Landsvirkjun að uppfylla arðsemismarkmið sín. Þannig myndi lægra eiginfjárlutfall Landsvirkjunar með brotthvarfi eignarhlutsins í Landsneti af efnahagsreikningi Landsvirkjunar hækka ávöxtun á eigið fé. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að eignarhluturinn í Landsneti sé 15-20 prósent af heildareignum Landsvirkjunar. „Arðsemi Landsnets er hins vegar mun hærri en Landsvirkjunar.“



Hörður Arnarson

Tekjutapið eftir sölu á eignarhlut okkar í Landsneti myndi því veiga upp á móti að mestu leyti tekjur af söluinni,“ segir Hörður, sem segist styðja að ríkissjóður kaupi Landsnet. Hann nefnir einnig að minnisblað Summu um arðsemi Landsnets hafi verið unnið í tengslum við hugsanleg kaup ríkissjóðs á Landsneti, vegna hás verðmats á eignarhlut Landsvirkjunar í Landsneti sem erlendir ráðgjafar unnu fyrir Landsvirkjun. Hörður bætir því við að Landsneti hafi verið kynnt umrætt minnisblað áður en það var sent Orkustofnun.

er jafnan tilfellið hjá fyrirtækjum sem reka innviði.

Öllu samanburðarhæfari stærð, sem endurspeglar mismuninn í metnum, vegnum fjármagnskostnaði, er hagnaður fyrir skatta og vaxtakostnað (EBIT) sem hlutfall af heildareignum. EBIT sem hlutfall af heildareignum hefur verið að meðaltali 3,3 prósent síðastliðin fimm ár hjá hinu norska Statnett, en sama hlutfall á sama tímabili stendur í 6,8 prósentum hjá Landsneti. Á þennan mælikvarða, sem leiðréttir fyrir misjöfnu eiginfjárlutfalli, er arðsemi Landsnets því meira en tvöföld á við Statnett.

# Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus  
Strigar frá kr. 195

Ný sending af strigum



**Kolibri penslar**  
Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði



**kolibri®**

**Kolibri trönur**  
í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði



Íblöndunarefni fyrir akrýl og olíulíti.



**AMSTERDAM**  
dream - create

**van Gogh**  
The Quality Brand

**REMBRANDT**  
The Professional Choice



Listverslun.is



## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Sæmundur Oddsson og Tryggvi Þorgeirsson, stofnendur heilbrigðistækniyrirtækisins Sidekick Health, eru læknað að mennt. „Það að finna erlenda fjárfesta á þessu stigi hjá fyrirtækinu minnir um margt á söguna af Gullbrá. Eitt rúmið er of stórt og annað of lítið. Það þarf allt að smella til að finna réttu sjóðina til að vinna með,“ segir Tryggvi um þá vinnu. FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Erlendir vísisjóðir leiða þriggja milljarða fjárfestingu í Sidekick

Sérhæfðir vísisjóðir fjárfestu í heilbrigðistækniyrirtækinu. Novator og Frumtak Ventures tóku þátt í fjármögnuninni. COVID-19 gerði það að verkum að fjarheilbrigðisþjónusta fór að vaxa en hraðar en áður. Stór hluti af uppbyggingunni mun fara fram á Íslandi.

Helgi Vífill  
Júliusson  
helgivifill@frettabladid.is



Heilbrigðistækniyrirtækið Sidekick Health, sem er með tæplega 40 starfsmenn, hefur tryggt sér 20 milljóna Bandaríkjadala fjármögnun, jafnvirði 2,8 milljarða íslenskra króna, til þess að styðja við vöxt félagsins í Evrópu og Bandaríkjunum. Fjármögnunin er leidd af tveimur erlendum vísisjóðum, sérhæfðum í líftækni- og heilbrigðistækniyrirtækjum.

Tryggvi Þorgeirsson, annar stofnandi og forstjóri Sidekick, segir að fyrirtækið þróa heilbrigðis meðferðir til að bæta heilsu fólks með ýmsa langvinna sjúkdóma. Meðferðinni er miðlað í gegnum fjar-

heilbrigðiskerfi fyrirtækisins sem skráð er sem CE-merkt lækningatæki. Sá markaður hafi farið hratt vaxandi á undanföllum fimm árum. Í COVID-19 halda margir sig heima fyrir og þess vegna hafi markaðurinn vaxið enn hraðar en áður. „Að því sögðu er vert að nefna að heilbrigðisþjónusta hefur verið seinni í stafrænni umbreytingu en ýmsar aðrar atvinnugreinar.“

## Novator og Frumtak

Hann segir að fjármögnunin hafi verið leidd af Wellington Partners, sem sé einn stærsti sjóður sinnar tegundar í Evrópu með um milljarð evra í stýringu, og öðrum evrópskum sjóði – Asabys Partners, sem sérhæfir sig í líftækni- og fjarheilbrigðistækniyrirtækjum. „Núverandi hluthafar, Novator og Frumtak Ventures, tóku jafnframt þátt í fjármögnuninni,“ segir hann. Svana Gunnarsdóttir, stjórnar-

formaður Sidekick og framkvæmdastjóri vísisjóðs Frumtaks Ventures, segir að það sé frábært að sjá sprotafyrirtækið ná þessum árangri og staðfesti „trú okkar að félagið hafi það sem til þarf til að verða leiðandi á alþjóðavísu í stafrænum heilsutæknilausnum“.

Sidekick er á mikilli siglingu. Fyrr á árinu greindi tækniyrirtækið frá milljarðasamningi við alþjóðlega lyfjafyrirtæki Pfizer og seint á síðasta ári tilkynnti það um samstarfs-samning við Bayer, eitt af stærstu lyfjafyrirtækjum heims. Til stendur að greina frá öðrum samningi við eitt af stærstu lyfjafyrirtækjum heims á næstu mánuðum.

Tryggvi segir að Sidekick skipi sess á meðal fremstu fyrirtækja í heimi á sínu sviði.

Sæmundur Oddsson, framkvæmdastjóri lækninga og rannsókna og hinn stofnandi fyrirtækisins, segir að fjármagnið verði

**Af ýmsum ástæðum hefur heilbrigðiskerfið verið á eftir í stafrænni umbyltingu. Heilbrigðiskerfið var hannað á síðustu öld þegar það tók meira á bráðavanda, eins og sýkingum og slysum. Nú aftur á móti er heilbrigðiskerfið að sinna fyrst og fremst langvinnum lífsstíldæmum.**

Tryggvi Þorgeirsson, forstjóri Sidekick Health

nýtt til þess að styðja við öran vöxt Sidekick. „Þeir fiska sem róa. Tækifærið sem við stöndum frammi fyrir er gríðarlegt. Við erum með samkeppnisforskot núna og megum engan tíma missa. Við munum

opna sölu- og markaðsskrifstofur á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum og bæta hraustlega í hraðann við þróun og rannsóknir. Til þess þurfum við að halda áfram að bæta við okkur framúrskarandi liðsfélögum á næstu misserum en nú starfa tæplega 40 manns hjá félaginu. Til að anna eftirspurn reiknum við með að starfsmenn verði tvöfalt fleiri strax á næsta ári. Okkar metnaður er að spila í efstu deild og við höfum verið mjög heppin með úrvalsfólk í teyminu. Stór hluti af uppbyggingunni mun fara fram á Íslandi. Þungamiðjan í rekstrinum er og verður hérlendis.“

Tryggvi, sem er læknir eins og Sæmundur, segir að samkeppnisforskið felist í að það hafi verið gerðar klínískar rannsóknir á meðferðarúræðum Sidekick. Þess vegna sé það vísindalega sannað að þau virki.

Hann segir að um 86 prósent





dauðsfalla á Vesturlöndum megi rekja til langvinnra lífsstílstengdra sjúkdóma og 70-80 prósent af kostnaði heilbrigðiskerfisins fari í að meðhöndla þá.

„Við Sæmundur erum báðir lækna og það sló okkur að það skorti töl til að taka heildstætt á vandanum. Við gátum ávísað lyfjum, sem er hluti af meðferðinni, en það þarf meira til þegar kemur að langvinnnum lífsstílstengdum sjúkdómum, eins og að bæta mataræði, hreyfingu og leita leiða til að draga úr streitu. Núverandi heilbrigðiskerfi er ekki að öllu leyti rétt sett upp til að takast á við umfang þessara sjúkdóma, en með aðstoð heilbrigðistækni er hægt að ná mun betri árangri og nýta betur dýrmætan tíma heilbrigðisstarfsfólks sem og það mikla fé sem er sett í málaflokkinn,“ segir Tryggvi.

Hann segir að hluti vandans sé að um helmingur sjúklinga taki ekki lyf eins og þeim hafi verið ávísað. „Rúmlega 300 þúsund mannlíf tapast árlega í Bandaríkjunum og Evrópu vegna þess að sjúklingar eru ekki að fylgja meðferðinni eins og lagt var upp með,“ segir Tryggvi.

#### Sökk niður í sætið

Sæmundur segir að Sidekick hafi fengið mikinn vind í seglin meðal annars vegna þess að heilbrigðisstarfsfólk um allan heim þekki þennan vanda. „Þegar ég vann sem sérfræðilæknir á hjartadeild á stóru erlendu háskólasjúkrahúsi var ég með sjúkling sem hafði í nokkurn tíma glímt við kransæðastíflu og

vegnaði æ verr. Þetta var venjulegur dagur og ég hafði skamman tíma til að sinna honum, eins og venja er á sjúkrahúsum. Ég segi honum að hann verði að taka lyfin eins og þeim var ávísað og breyta lífsstílnum annars myndi hætta á öðru hjartaáfalli aukast töluvert. Að svo þínu kveðjumst við. Stuttu seinna verður mér lítið út um gluggann og þar sé ég sjúklinginn kveikja sér í sigarettu. Ég sökk niður í sætið og hugsaði með mér að einhverju yrði að breyta. Við það rann það upp fyrir mér að sjúklingurinn var miklu áhugasamari um það sem átti sér stað í snjallsímanum hans en það sem okkur fór á milli. Þarna var fræjunum sáð hjá mér.

Á sama tíma var Tryggvi vinur minn að vinna brautryðjendavinnu með hópi fólks meðal annars við Háskóla Íslands, Harvard-háskóla og MIT við að tengja saman atferlisfræði og snjalltækni til að ná betri árangri við lífsstílsbreytingar – þar með talið fyrir fólk með lágt heilsulæsi eða lága áhugahvöt. Við fórum að stínga saman nefjum, áttum sama drauminn um að hafa áhrif á sjúklinga á stórum skala og úr varð Sidekick.“

Sæmundur leggur áherslu á að nýju fjárfestarnir hafi mikla þekkingu á rekstri heilbrigðistækniyfirtækja sem þeir muni miðla til starfsmanna Sidekick. „Þeir hafa djúpt tengslanet. Við fáum því góða liðsfélaga sem leggja hönd á plóg. Það mun skila sér í auknum viðskiptatækifærum.“

*Hvenær var fyrirtækið stofnað og*

*hvernig var vegferðin í stuttu máli?*

Tryggvi: „Árið 2013 fengum við styrki úr Lýðheilsusjóði, Thorvaldensfélaginu og Tækniþróunarsjóði og höfum að byggja teymi til að takast á við verkefnið. Það hefur verið einstakt lán hvað við höfum fengið til liðs við okkur hæfileikaríkan hóp af samstarfsfólki – við forritun, hönnun, sölu og markaðssetningu – sem og fólk með viðtæka reynslu úr heilbrigðisgeiranum. Við ýttum fyrirtækinu úr vör árið 2014 og verjum fyrstu tveimur árunum í að smíða frumgerð af vörunni. Þegar varan er orðin nægilega góð hefjast fyrstu klínísku rannsóknirnar og árið 2017 birtum við fyrstu klínísku rannsóknina á vísindabíngi í Bandaríkjunum. Þær vöktu eftirtekt og með þær í farteskinu höfum við samstarf við stór fyrirtæki á borð við Pfizer. Í fyrra gerði lyfjafyrirtækið prófanir með sínum sjúklíngum og þær reyndust afar vel. Síðan þá hefur verið mikill vöxtur hjá okkur.“

*Hvenær fenguð þið fyrsta fjárfestinn?*

Sæmundur: „Svona nýsköpun í heilbrigðistækni krefst þrautseigju og við höfum verið mjög lánsamir með fjárfesta. Novator hefur alla tíð gert sér grein fyrir stærð tækifærisins og stutt vel við bakið á okkur frá byrjun ásamt sterkum einkafjárfestum og Frumtak bættist svo í hópinn árið 2017.“

#### Sagan af Gullbrá

*Hvernig völduð þið erlenda vísisjóði til að vinna með?*

Tryggvi: „Það að finna erlenda fjárfesta á þessu stigi hjá fyrirtækinu minnir um margt á söguna af Gullbrá. Eitt rúmið er of stórt og annað of lítið. Það þarf allt að smella til að finna réttu sjóðina til að vinna með. Sjóðirnir þurfa að hafa sérþekkingu og reynslu á okkar sviði, tímasetningin verður að vera rétt, enda kemur að þeim tímamarki að vísisjóðir eru fullfjárfestir. Svo mega þeir ekki hafa fjárfest í samkeppnisaðila. Það er því margt sem þarf að ganga upp.“

Það sem hjálpaði okkur mikið við að sigta út heppilega sjóði og fá fundi var að Sidekick var valið á meðal bestu vaxtarfyrirtækja í Evrópu í keppni á vegum EIT Digital, sem er starfrækt af Evrópusambandinu. Í kjölfarið hjálpaði EIT Digital okkur við að bera kennsl á sjóði sem gætu komið til greina sem hluthafar og aðstoðaði við að koma á fundum. Það var dýrmætt fyrir okkur.

Tengingar við vísisjóði geta komið úr mörgum áttum. Þakka má samstarfi okkar við Pfizer að við fengum fund með Wellington Partners. Starfsmaður lyfjafyrirtækisins taldi að við gætum unnið vel saman og tengdi okkur. Í kjölfarið kom í ljós að Abasys og Wellington fjárfesta oft saman.“

*Af hverju eru viðskiptavinir, eins og lyfjafyrirtæki, að leita til ykkar?*

Tryggvi: „Okkar markmið er að bæta heilsu og líðan fólks með langvinna sjúkdóma. En jafnframt því þurfum við að tryggja fyrirtækinu rekstrargrundvöll. Til þess þarf viðskiptavinum að geta greitt fyrir þjónustuna. Við fórum þá leið að bjóða ekki sjúklinga að greiða fyrir þjónustuna. Alþjóðleg lyfjafyrirtæki hafa brugðist hratt við enda mikill fjárhagslegur ávinningur í húfi fyrir þau.“

Þannig er mál með vexti að það kostar tvo til þrjú milljarða dollara að setja nýtt lyf á markað. Lyf vinnur á tilteknum hluta sjúkdóms. Ef hægt er að bæta heilsu og líðan sjúklinga með því að bæta okkar meðferð við virkni lyfsins batnar samkeppnisstaða lyfjafyrirtækjanna og styrkir stöðu þeirra gagnvart sjúkratryggingum í hverju landi.“

#### Lækna, ekki tæknifólk

*Hvernig er samkeppnisumhverfið?*

Tryggvi: „Á allra síðustu miss-erum höfum við skapað okkur stöðu á meðal fremstu fyrirtækja

## Sprotar hafa sótt fé erlendis í COVID-19

Frá því að kórónaveiran blossaði upp í Evrópu í mars hafa íslensk sprotafyrirtækið safnað umtalsverðu fé frá erlendum fjárfestum. Eins og fyrr segir safnaði Sidekick Health 20 milljóna Bandaríkjadala fjármögnun, jafnvirði 2,8 milljarða íslenskra króna.

GRID, sem aðstoðar notendur töflureikna á borð við Microsoft Excel við að miðla upplýsingum á hreinlegan og skilvirkan máta,

safnaði 12 milljónum Bandaríkjadala eða tæplega 1,7 milljörðum króna.

Finnsk-íslenska tölvuleikjafyrirtækið Mainframe safnaði 8,1 milljón Bandaríkjadala, jafnvirði 1,1 milljarðs króna.

DT Equipment (DTE), sem þróaði lausn til að efna greina fljótandi mál, fékk 5,5 milljóna Bandaríkjadollara fjármögnun, jafnvirði um 765 milljóna.



**Tækifærið sem við stöndum frammi fyrir er gríðarlegt. Við erum með samkeppnisforskot núna og megum engan tíma missa.**

Sæmundur Oddsson, framkvæmdastjóri hjá Sidekick Health

í heimi á þessu sviði. Þess vegna hafa stór alþjóðleg fyrirtæki á heilbrigðismarkaði valið okkur sem samstarfsaðila.

Samkeppnin er hörð. Þetta er kapphlaup en við höfum skapað okkur sérstöðu. Sérstáðan felst ekki sist í því að fyrirtækið er stofnað af læknum og leggur höfuðáherslu á klíníkina ólíkt mörgum öðrum samkeppnisaðilum okkar sem nálgast viðfangsefnið fyrst frá tæknihljóðinu. Við horfum fyrst til sjúklinganna og sníðum lausnina okkar eftir þeirra þörfum.“

Hann segir að jafnvel þótt fyrirtækið hafi þrefaldað fjölda starfsmanna á undanfögnu ári, og þeir séu tæplega 40, sé verið að keppa við mun stærri fyrirtæki erlendis.

Sæmundur nefnir að meðferðin sé einnig leikjavædd til að nýta tæknina og bæta líðan eins mikið og kostur sé. „Það hefur verið frábært að sjá hversu vel okkur hefur tekist að bæta líðan og árangur sjúklinga víða um heim. Við höfum ákveðna innsýn sem lækna um hversu erfitt er fyrir fólk að eiga við langvinna sjúkdóma. Þess vegna höfum við lagt áherslu á jákvætt viðmót, hvatningu og að verðlauna fólk fyrir að bæta heilsu sína. Til dæmis vill enginn vera minntur á sí og æ af símanum að hann sé með sjúkdóm.“

*Hvernig eru leikir sem hjálpa fólki með sjúkdóma sína?*

Tryggvi: „Við nýtum leikjavæðingu sem eitt af tölunum til að skapa jákvæða upplifun af meðferðinni og ýta undir árangursríka langtímanotkun. Vissulega er viðfangsefnið alvarlegt og við leggjum okkur fram við að kafa djúpt ofan í sjúkdóm þeirra sem við erum að aðstoða. En það er hægt að verðlauna það þegar fólk stigur skref í rétta átt og nær árangri. Við erum til dæmis að vinna með sjúklingum sem eru með slagæðaþrengingar í fótum. Það getur framkallað mikinn verk vegna blóðþurrðar í fótum þegar vöðvarnir fá ekki blóð og súrefni. Hluti af lækningunni er að auka göngugetu sjúklinga og við þjálfum fólk í að láta sársaukann ekki stöðva sig. Þetta er einn af þeim þáttum sem hægt er að leikjavæða til að bæta árangur.“

*Hverjar hafa verið helstu áskoranirnar í uppbyggingu Sidekick?*

Sæmundur: „Við erum að feta nýja braut innan læknisfræðinnar og því fylgja auðvitað ýmiss konar áskoranir.“

Tryggvi: „Ein af áskorunum er að koma auga á rétta viðskiptamódelið, enda er um nýtt svið að ræða, eins og Sæmundur nefnir. Stóru lyfjafyrirtækin eru að skoða með hvaða hætti okkar þjónusta passar við þeirra viðskiptamódel.“

Áður en við fengum klínískar niðurstöður úr rannsóknum gátum við ekki unnið með lyfjafyrirtækjum og öðrum aðilum á heilbrigðismarkaði. Á meðan við biðum eftir

niðurstöðum urðum við að reiða okkur á fjárfesta sem höfðu trú á verkefningu.“

Tryggvi segir að það fylgi því ekki eingöngu ævintýraljómi að stofna fyrirtæki. „Fólk þekkir sögur af sprotafyrirtækjum sem hafa náð ævintýraleikum árangri. En að baki liggur blóð, sviti og tár og það er ekki á vísan að róa. Þetta útheimtir gríðarlega vinnu og þrjósku en er líka feikilega gaman og gefandi.“

*Hvers vegna er heilbrigðisþjónusta skemmd á veg kominn á stafrænni vegferð en ýmsir aðrir?*

Sæmundur: „Það gilda stífar reglur um heilbrigðisþjónustu, sem er af hinu góða. Það er verið að vinna með líf og heilsu fólks. Það hefur hins vegar hægt á framþróun að einhverju leyti, enda margar hindranir sem þarf að komast í gegnum til að hrinda svona í framkvæmd.“

#### Á eftir í stafrænni umbyltingu

Tryggvi: „Af ýmsum ástæðum hefur heilbrigðiskerfið verið á eftir í stafrænni umbyltingu. Heilbrigðiskerfið var hannað á síðustu öld þegar það tók meira á bráðavanda, eins og sýkingum og slysum. Nú aftur á móti er heilbrigðiskerfið að sinna fyrst og fremst langvinnnum lífsstíltengdum sjúkdómum. Þar af leiðir er það er ekki hagstætt, hvorki fyrir sjúklinga né heilbrigðiskerfið, að fást við verkefnið inni á stofnunum nema að hluta til.“

Það er hægt að bjóða margar meðferðir í gegnum snjalltæki. Hér gildir það sama og um bankaþjónustu. Hún batnaði úr vuregla í kjölfar stafrænnar umbyltingar og við getum núna sinnt flestum okkar bankaerindum í gegnum snjallsíma. Við erum að gera hið sama; færa heilbrigðisþjónustuna inn í daglegt líf hvers og eins. Fólk vill geta sinnt því sem gera þarf á eigin forsendum en ekki fara á heilbrigðisstofnun og bíða eftir stuttum viðtalstíma. Gangi sú framtíðarsýn eftir mun það leiða til þess að dýrar heilbrigðisstofnanir með sérhæfðu starfsfólki geta einbeitt sér að flóknustu verkefnum.“

Sæmundur: „Við hjá Sidekick leggjum mikið upp úr aðferðum gagnreyndrar læknisfræði, það er eitt okkar aðalsmerki og hefur veitt okkur samkeppnisforskot. Það hefur verið gífurlega spennandi að sjá hvernig bæta má heilsu og líðan sjúklinga marktækt með þessari tækni okkar – og má þar nefna bæta stjórn á blóðsykri, bætt lífs-gæði og minni einkenni þunglyndis og kvíða.“

*Hvað er þetta fólk að gera öðruvísi í sínu lífi?*

Sæmundur: „Það fær meiri stuðning og hvatningu. Það hefur skort í meðferðina. Auk þess fær það kennslu í hvernig eigi að takast á við margar hlíðar sjúkdómsins, eins og sjúkdómseinkenni og hvernig bæta má líðan með breyttum lífsstíl.“

Tryggvi: „Meðferðaraðili getur einnig fylgst með framgangi mála og ef á þarf að halda er kallað á sjúklinginn í skoðun. Fyrir skemmstu fékk sjúklingur hjartaáfall heima hjá sér. Einkennin voru ódæmigerð og því áttaði viðkomandi sig ekki á hvað gerst hafði. Hjúkrunarfræðlingur veitti einkennunum athygli í gegnum kerfið okkar, hafði samband og lagði sjúklinginn inn á spítala. Þetta getur því haft veruleg áhrif á líf fólks.“

# Áhyggjur af mögulegri áhættusækni lífeyrissjóða

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ræddi stöðu lífeyrissjóðanna og áhrif þeirra á fjármálamarkaði á síðasta fundi, sem var haldinn um miðjan september. Þetta kemur fram í fundargerð nefndarinnar sem var birt í gær.

Í fundargerðinni segir að lífeyrissjóðirnir „séu ráðandi fjárfestar hér á landi og mikilvægt sé að breið sátt ríki um umgjörð þeirra“. Þá hafði nefndin áhyggjur af stöðu sjóðanna „í ljósi núverandi vaxtaumhverfis sem gæti aukið áhættu tóku þeirra



Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

í leit að hærri ávöxtun“. Var ákveðið að halda áfram umfjöllun um sjóðina á næsta fundi.

Ríkisstjórnin mun sem kunnugt er hefja stefnumörkun í lífeyrismálum og stefnir að því að afraksturinn verði grænbók um lífeyrismál

sem kynnt verði vorið 2021.

Nefndin ræddi aðgerðirnar sem Seðlabankinn og stjórnvöld hafa gripið til vegna farsóttarinnar og taldi að þær hefðu mildað höggið. Farsóttin væri hins vegar að dragast á langinn og óvissa um efnahagshorfur hefði aukist.

„Var það því mat nefndarinnar að horfur fyrir fjármálastöðugleika hefðu versnað frá síðasta fundi nefndarinnar og hefði hún því minni áhyggjur nú af neikvæðum áhrifum slakara aðhalds stjórnþækja bankans,“ segir í fundargerðinni.

» Fjármálastöðugleikanefnd hefur minni áhyggjur en áður af neikvæðum áhrifum slakara aðhalds stjórnþækja Seðlabankans.

Mikið hefur verið um endurfjármögnun íbúðalána undanfarna mánuði, samfara lækkandi vaxtastigi. Nefndin segir vísbendingar um að endurfjármögnun hafi náð hámarki og ræddi almennt kosti

og ókosti ólíkra lánsforma íbúðalána. Nefndarmenn töldu jákvætt að heimilin nýttu sér þá valkosti sem í boði væru, en að mikilvægt væri að greiðslumót væru þannig úr garði gerð að lántakendur hefðu borð fyrir báru til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Þá kom fram að vísbendingar væru um að dregið hefði úr framboði á fasteignamarkaði en á móti „hefði framboð leiguhúsnæðis aukist sem ætti að draga úr eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði til kaups til lengri tíma lítið“. – þfh



Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS.

## Tryggingar VÍS muni trompa fjárfestingar

Greining Jakobsson Capital gerir ráð fyrir því að VÍS mun hagnast meira af tryggingarekstri en fjárfestingum á árunum 2021 til 2024. Landslagið hjá íslensku tryggingafélögum er breytt því þau hafa lengi búið við tryggja fjögurra til fimm prósentu nafnvexti. „Fjárfestar verða í auknum mæli að horfa til tryggingarekstrar og hætta að versla með hlutfé tryggingafélaganna eins og um væri að ræða hlutabréfasjóð,“ segir í greiningu sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Jakobsson Capital metur gengi VÍS á 13,4 krónur á hlut. Það er ellefu prósentum hærra en gengið var við lok markaðar í gær.

●● Ljóst er að þróun á vaxtamarkaði mun þvinga tryggingafélög í meiri áhættusækni í fjárfestingum.

Jakobsson Capital

Hagnaður VÍS fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi 2020 nam 1,15 milljörðum króna samanborið við 420 milljóna króna tap á sama tíma fyrir ári. „Sveifla í afkomu milli ársfjórðunga undirstrikar þær miklu sveiflur sem eru í afkomu tryggingafélaga. Horfa þarf til nokkurra ára til að meta rekstur tryggingafélaga. Vísbendingar eru þó um bættan rekstur og dregið hefur úr líkum þess að óvænt matsbreyting muni eiga sér stað,“ segir í verðmatinu.

Afkoma af fjárfestingum VÍS verður afar góð í ár. Gert er ráð fyrir 2,1 milljarðs króna hagnaði af þeim. „Ljóst er þó að horfurnar hafa dökknað,“ segir í verðmatinu, stýrivextir hafi enda lækkað um tvö prósent. Tæplega 70 prósent fjárfestingareigna VÍS eru í skuldabréfum á markaði þar sem raunvextir eru um noll prósent og nafnvextir jafnir verðbólguvæntingum.

„Ljóst er að þróun á vaxtamarkaði mun þvinga tryggingafélög í meiri áhættusækni í fjárfestingum. Afkoma tryggingarekstrar skiptir alltaf meira máli. Tryggingafélög sem hafa ekki arðbærar tryggingarekstur geta lent í vanda,“ segir í greiningu Jakobsson Capital. – hvj

# Jólatónleikum Björgvins streymt gegn greiðslu á netinu

Árlegir jólatónleikar Björgvins Halldórssonar hafa eðli málsins samkvæmt verið slegnir af í sinni hefðbundnu mynd. Tónleikarnir munu hins vegar fara fram í beinni útsendingu á netinu og verður hægt að fylgjast með þeim gegn greiðslu. Að sögn skipuleggjanda verða tónleikarnir haldnir í fullri stærð.

Pórður Gunnarsson  
thg@frettabladid.is



Sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda hafa kallað á nýja nálgun í viðburðahaldi á Íslandi og víðar. Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri hjá Senu, segir að þann 19. desember muni árlegir jólatónleikar Björgvins Halldórssonar fara fram venju samkvæmt – en með óhefðbundnu sniði. Sjónvarpsáhorfendum mun þannig gefast kostur á að horfa á tónleikana gegn áhorfsgreiðslu, eða það sem kallast á ensku pay-per-view.

„Jólagestir Björgvins verða haldnir í svo til fullri stærð. Þó auðvitað gefi það tónleikunum annan blæ að engir áhorfendur séu í sal, er hægt að gera ýmislegt í framleiðslu tónleika sem eru beinlínis hannaðir fyrir sjónvarp sem ekki er hægt á tónleikum með áhorfendum,“ segir Ísleifur.

Hann segir að allir listamenn sem haft hafi verið samband við hafi verið tilbúnir að taka þátt í þessu tilraunaverkefni, þrátt fyrir að aðeins hafi verið hægt að tryggja þeim hluta þeirra launa sem vanalega eru greidd.

„Listamenn fá um það bil helming af því sem þeir myndu fá vanalega. En fólk var tilbúið að fá minna greitt til að geta gert eitthvað frekar en ekki neitt. Hins vegar munum við deila tekjunum með listamönnum þegar náðst hefur upp í kostnað. Við náum því ef við seljum um 4-5.000 „miða“ á tónleikana. Laun listamanna byrja að hækka ef við náum að selja 6.000 miða og ef þetta slær í gegn og við náum að selja yfir 12 þúsund miða munu allir listamenn svo fara að nálgast sömu tekjur af tónleikunum eins og á venjulegu tónleikaári,“ segir Ísleifur.

Um 110 þúsund heimili eru með afruglara frá öðru hvoru fjarskiptafyrirtækjanna, en Sena áætlað að um 4.000 krónur muni kosta að horfa á tónleikana.

Miðar á Jólagesti Björgvins kosta vanalega um 10 til 15 þúsund krónur, en að sögn Ísleifs hefur salan á tónleikana síðastliðin ár verið á bilinu 8 til 12 þúsund miðar. „Við viljum hafa þetta ódýrt svo sem flestir sjái sér fært að kaupa miða. Við sjáum svo fyrir okkur að stórfjölskyldan gæti safnast fyrir framan skjáinn, upp að því marki sem sóttvarnareglur leyfa hverju sinni. Í öllu falli er ódýrara að kaupa tónleikana einu sinni fyrir stóran hóp fólks á 4.000 þúsund krónur heldur en að mæta öll saman í Laugardalshöllina. Um það verður ekki villst.“

Ásamt tónleikahaldi hefur fjöldi



Munu allir sem koma að tónleikunum fá greitt eins og venjulega ef 12 þúsund áskriftir seljast. FRÉTTABLAÐIÐ/SITRYGGURARI

●● Litið stoðar að losa um samkomutakmarkanir ef það verður svo mögulega skellt í lás aftur. Ég held að það sé óskynsamleg stefna að sitja og biða eftir þessu bóluferni eins og það sé rétt handan við hornið.

Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu

annars konar viðburða þurft að sitja á hakanum frá því í mars síðastliðnum, svo sem ráðstefnur og árs hátíðir. Svo vill til að slík tilefni eru einnig meðal þess sem Sena tekur að sér að skipuleggja. Því voru góð ráð dýr fyrir Senu þegar öllu var skellt í lás fyrr á þessu ári. „Við ákváðum strax að leita annarra lausna, því í okkar huga var einsýnt að þessar takmarkanir myndu verða lengi í gildi,“ segir Ísleifur.

Hann nefnir að þegar hafi Sena

haldið fjararshátíðir fyrir íslensk fyrirtæki. „Þar keyrðum við partipakka heim til allra starfsmanna sem innihélt skreytingar, mat og drykk. Svo hófst streymisdagskrá á netinu sem stóð yfir í um tvo tíma. Það höfðu flestir ákveðnar efasemdir um þetta fyrir fram, en þetta heppnaðist vonum fram.“

Ísleifur bendir einnig á að Sena hafi skipulagt Vestnorden-ráðstefnuna á þessu ári eins og undanfarið ár, nema að í þetta skiptið hafi ráðstefnan farið alfarið fram á netinu. „Á þessa sýningu mæta vanalega um 500 manns, en þetta er kaupstefna þjónustuaðila í ferðaþjónustu á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Við fengum gesti frá um 27 löndum inn á ráðstefnuna og yfir 1.600 fundir voru haldnir í gegnum ráðstefnuviðmótið.“

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves var eðli máls samkvæmt slegin af í sinni hefðbundna formi í ár. Hátíðin verður hins vegar haldin án áhorfenda og streymt á netinu dagana 15. til 16. nóvember undir nafninu Live From Reykjavík og þar koma fram 16 íslenskar hljómsveitir og listamenn. Meðal annars má þar nefna Of Monsters and Men, Ólaf Arnalds, Daða Frey og Gagnamagnið, Ásgeir

og Emilíönu Torrini. Aðstæður eru með þeim hætti að stór hluti þeirra íslensku listamanna sem öllu jafna eru staddir erlendis er nú á Íslandi.

„Öll dagskráin verður aðgengileg á Íslandi í gegnum miðla RUV. Þeir sem eru erlendis geta keypt miða á vefsíðunni Dice.fm.“

Ísleifur kallar eftir því að langtímaáætlun verði gerð vegna baráttunnar við kórónaveiruna. „Litið stoðar að losa um samkomutakmarkanir ef það verður svo mögulega skellt í lás aftur. Ég held að það sé óskynsamleg stefna að sitja og biða eftir þessu bóluferni eins og það sé rétt handan við hornið. Það er ekkert vist í þeim efnum og þess vegna verður að vera einhvers konar langtímaáætlun í gangi, þannig að atvinnustarfsemi geti lagað sig að fyrirjáanlegum veruleika.“

Við erum heppin að búa á landi þar sem hlutirnir virka og fólkíð við stjórn veit hvað það er að gera. Margt gott hefur verið gert síðan þetta skall á. Þessi veira er auðvitað ólíkindatöl og raunveruleg ógn, en ég trúi ekki öðru en að það sé hægt að berjast gegn þessu með markvissari hætti og öðru en að beita flötum samkomutakmörkunum,“ segir Ísleifur að endingu. thg@frettabladid.is



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

# KING KOIL

KING  
KOIL  
LUXURY  
CABINETS



KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU  
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.



**SJÓN ER SÖGU RÍKARI**



„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvöldari  
eftir að ég fór að sofa á King Koil.

Ég mæli persónulega og faglega með King Koil.“


**Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.**

Kírópraktör/ Framkvæmdastjóri

Kírópraktörstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

**rekkjan**  
HEILSURÚM



# SÚPER TAKE AWAY HÁDEGISTILBOÐ

11.30-15.00



Dós af Coke, Coke Zero, Sprite eða Topp fylgir með hverjum rétti!

## ÞESSIR RÉTTIR AÐEINS

**1.500 kr.**

**SÆTA SVÍNS BORGARINN** hinn eini sanni, 175 g úr sérvaldri rumpsteik og „short ribs“, bjór-brioche brauð, rauðlauksulta, Búri, trufflu-mayo, vöfflufranskar

**BBQ VEGAN BORGARI**, buff úr linsubaunum og sólblómafræjum, tómatur, BBQ strandsveppir, „mozzarella“ og spicy „mæjó“

**ANDARSALAT**, confit eldað andalæri, grasker, chili, spírur, kóríander, furuhnetur

**LAMBASAMLOKA**, hægelduð lambaöxl, romaine salat, vöfflufranskar, bernaise

**VEGAN BBQ JACKFRUIT BURRITO**, avokadó, kryddhrísgrjón, pico de gallo, ferskt salat

**GRILLAÐUR LAX**, perlubygg, svart hvítlauks-sesam froða, paprikusósa

**LANGA**, kartöflumús, kapersblóm, hollandaise-sósa



**SVÍN  
VIRKAR**

## FLEIRI FRÁBÆRIR RÉTTIR

**SÚPA DAGSINS** með nýbökuðu brauði **690 kr.**

**LAMBASKANKI**, hægeldaður í 12 klst. chorizo og beikon ragú, smjörbaunir, grænar ertur **2.000 kr.**

**NAUTALUND** 200g, sveppir í plómusósu, smælki, gulrætur, nautadjús **2.500 kr.**

**EKKI KLIKKA Á ÞESSU!**

Pantaðu í síma 555 2900 | Nánar á [saetasvinid.is](http://saetasvinid.is)



Ragnar Arnason, einn stofnenda og markaðsstjóri YAY, hlustar oft á bókina Finding My Virginité eftir Richard Branson, þegar hann finnur fyrir þreytu, þarfnast innblásturs eða skortir kjark. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Helsta áskorun okkar er að þora að gera mistök

## Svipmynd Ragnar Arnason

### Nám:

Markaðsfræði og almannatengsl í Long Island University í New York (LIU) og grafísk hönnun við Lista-háskóla Íslands.

### Störf:

Markaðsstjóri og meðstofnandi YAY frá júlí 2019. Síðastliðinn áratug hef á starfað á sviði fjarskipta, lengst af hjá Vodafone. Var hluti af stjórnendateymi sem leiddi uppsetningu fjarskiptasviðs 365. Eftir háskólanám starfaði ég um áratug á auglýsingastofnunni Gott fólk – McCann Erickson. Um tvítugt flutti ég til Noregs og gerðist atvinnumaður í knattspyrnu.

### Fjölskylduhagir:

Í sambúð með Kristínu Helgu Viggósdóttur, hjúkrunarfræðingi og flugfreyju hjá Icelandair, og eigum saman börnin Birtu Lind 16 ára og Birki Inga 13 ára.

Ragnar Arnason, markaðsstjóri og einn stofnandi YAY, segir að það sé stór áskorun að þora að gera mistök og að starfsmenn séu óhræddir við að prófa eitthvað nýtt. YAY er forrit í snjallsíma fyrir gjafabréf.

### Hver eru þín helstu áhugamál?

Íþróttir og listir hafa verið órjúfanlegur hluti af mínu lífi. Ég hef stundað knattspyrnu nánast frá fæðingu og er alinn upp á tónlistarheimili. Í dag stunda ég mikið golf og skíði með fjölskyldunni, bræðrum og vinum og við fylgjumst öll mikið með knattspyrnu.

### Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Þær eru fjölmargar sem veita mér innblástur, þá helst ævisögur einstaklinga sem hafa markað heiminn og söguna með mismunandi hætti á mismunandi sviðum. Ein af þeim er Finding My Virginité eftir Richard Branson. Ég hlusta oft á hana þegar ég finn fyrir þreytu, þarfnast innblásturs eða skortir kjark. Kemur mér alltaf í stuð. Sama hlutverki gegna mörg frábær hladvörp.

### Hverjar hafa verið helstu áskoranirnar í að koma YAY á köppinn?

Helsta áskorunin, eins og hjá mörgum öðrum í nýsköpun, er að þora að gera mistök og vera óhrædd við að prófa. Í öllum okkar undirbúningi og skoðun á erlendum mörkuðum, höfum við ekki rekist

á neinar fyrirmyndir eða sams konar platform sem leyst hafa alla þá ókosti og vandamál sem fylgja gjafabréfum eins og við þekkjum þau í dag. Myndi því segja að helsta áskorunin sé að gera eitthvað frá A til Ö sem hefur ekki verið gert áður.

### Hvaða áskoranir eru fram undan?

Þær eru margvíslegar og snúa að mestu leyti að neytendum. Sýna fram á að gjafabréf í snjalltækinu er það sem koma skal. Gefa, senda, upplifa, dreifa og selja í gegnum neytendavænt platform og umhverfisvænt. Ferðagjöfin hefur sannarlega hjálpað til við að sýna neytendum á Íslandi að hægt er að komast hjá því að tyna gjafabréfi eins og Ferðagjöfinni í skúffunum heima og hafa það alltaf við hendina í símanum, en ekki í formi plasts eða pappírs.

Tæknilegar áskoranir eru hins vegar stöðugur partur af YAY. En við erum á réttri leið og helsta staðfestingin felst í því að um 200.000 Íslendingar hafa nú þegar nýtt okkar lausn (YAY gjafabréf og Ferðagjöf), til að taka við gjafabréfi, sækja, gefa gjafabréf með vídeókvæðu, dreifa, innleysa og njóta.

Við finnum einnig mikinn áhuga gagnvart YAY-appinu sjálfu og hvernig við leystum Ferðagjöfina, hárlandis og erlendis, sem segir okkur einnig að við erum á réttri leið. Síðustu tvo mánuði höfum við meðal annars verið í mjög nánu þróunarsambandi með mjög öflugum erlendu fyrirtæki, sem er með starfsemi á heimsvísu, þar sem við erum að teygja YAY-hugmyndafræðina miklu lengra en við nokkurn tíma sáum fyrir. Vonandi getum við gert það opinbert á þessu ári.

### Hvernig er rekstrarumhverfið að taka breytingum og hvaða tækifæri felast í breytingunum?

Það kann að hljóma einkennilega í miðjum COVID-faraldri, en það virðist sem tíminn fyrir nýsköpun sé núna. Fyrirtæki eins og YAY fór í loftið á hárréttum tíma með hárrétta starfsfólki, hárrétta fjárfesta í hárréttu landi. Þetta á líka við um önnur íslensk fyrirtæki sem eru að gera magnaða hluti.

Einhver sagði að átök væru forsenda framfara. Kann að vera að ég sé að slíta í sundur samhengi þessarar tilvitnunar, en við erum í dag að horfast í augu við loftslagsbreytingar og COVID-faraldur. Hvort tveggja mun breyta heiminum og aðstæður krefjast þess að við þurfum að breyta því hvernig við höfum okkur og lifum, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. YAY er til að mynda að koma í veg fyrir gríðarlega sóun og fram-

Myndi því segja að helsta áskorunin sé að gera eitthvað frá A til Ö sem hefur ekki verið gert áður.

leiðslu á plasti og pappír sem og að koma í veg fyrir óþarfa mengun og tímasóun við dreifingu á gjafabréfum, bæði gagnvart kaupendum, gefendum og þiggjendum. Um leið er YAY að koma í veg fyrir að verðmæti neytenda glatist með því að minna neytendur á gjafabréfin sín í appinu og stuðla að því að viðskiptavinir skili sér til fyrirtækjanna sjálfra, versli og kaupum þjónustu af þeim og koma á viðskiptasambandi til lengri tíma.

Yfirvöld, fyrirtæki og fjárfestar úti um allan heim eru að horfast í augu við þennan nýja raunveruleika og eru að átta sig á því að hugvit og nýsköpun spila lykilhlutverk í þessum átökum. Rétt eins og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarinnar, sagði: „Nýsköpun er ekki ein af leiðunum fram á við, heldur eina leiðin.“

Ég get ekki betur séð en að ráðherra nýsköpunar, sem og fjármálaráðherra ásamt öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni, sé sammála Sigurði og hafi sannarlega gefið tóninn með stofnun Stafræns Íslands og þannig tekið risa skref í rétta átt. Þeim hefur lukkast til að fá þar inn gríðarlega öflugt fólk, sem hugsar út fyrir boxið og er óhrætt við að framkvæma með öflugri hvatningu frá yfirvöldum og ekki síst ríkisstjórninni, sem er mjög mikilvægt.

Ferðagjöfin er frábært dæmi um þetta og hefur vakið mikla athygli út fyrir landsteinana og allþað ævintýralega stutta ferli. Frá hugmynd á blaði ráðherra, áreiðanleikakönnunum á fjölmörgum fyrirtækjum, bönkum og fjárfingum til þess fallin að leysa þetta verkefni tæknilega og loks velja þann hæfasta sem reyndist vera YAY. Lagabreytingar, frumvarp til samþykktar, innleiðing yfir þúsund fyrirtækja í kerfi YAY á nokkrum dögum og loks snertilausa og umhverfisvæna dreifingu á gjafabréfinu (Ferðagjöfinni) innan við viku eftir að frumvarp var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta á Alþingi, hvar sem landsmenn voru staddir á landinu í sumarfrí og komast um leið hjá sameiginlegum snertiflötum með snertilausri lausn á tímum COVID. Fólk, fyrirtæki og embættismenn erlendis eru gapandi yfir þessum árangri.



7 ára ábyrgð framleiðanda  
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

# Nýr Kia Sorento. Klár í hvað sem er.



## S O R E N T O



The Power to Surprise

Nýr Kia Sorento. Einnig fánlegur sem tvinnbíl og tengiltvinnbíl.

Við kynnum nýja kynslóð Kia Sorento. Nýr Sorento hefur fengið nýtt útlit og býr yfir fullkomnum tæknilausnum sem gera aksturinn enn þægilegri og öruggari. Sorento fæst sem dísilbíl, tvinnbíl eða tengiltvinnbíl með 55 km rafmögnuðu drægi. Dráttargeta er allt að 2.500 kg.

Það er opið í dag frá kl. 8-17 hjá Kia á Krókhálsi 13. Nýr Sorento er einnig til sýnis og reynsluaksturs hjá umboðsmönnum um allt land.

**Pantaðu reynsluakstur á [kia.is](http://kia.is) eða í síma 590 2100.**

**Við tökum vel á móti þér.**

Kia Sorento verð frá:

**9.290.777 kr.**

2,2 dísil, 4WD, 8 þrepa sjálfskipting,  
7 manna, 202 hö.

**ASKIA** · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · [askja.is](http://askja.is)  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.  
[facebook.com/kiamotorsisland](https://facebook.com/kiamotorsisland)

\*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefntítt sem kaupandi ber kostnað af. Listu meira um ábyrgðina á [www.kia.com/abyrgd](http://www.kia.com/abyrgd).

## Skotsilfur



### Norsarinn

Það er ekki úr vegi að norska félagið Fredensborg AS taki yfir leigufélagið Ölmú, sem áður hét Almenna leigufélagið og hefur nú verið sett í formlegt söluferli. Þykir mörgum það sennileg niðurstaða. Fredensborg tók sem kunnugt er yfir leigufélagið Heimavelli fyrr á þessu ári og fór fram á afskráningu þess úr Kauphöllinni. Arve Regland, fjármálastjóri Fredensborg AS, sagði við Markaðinn að félagið hefði áhuga á íbúðaleigumörkuðum í Evrópu. Hins vegar væri of snemmt að segja hvort af frekari fjárfestingum yrði hér á landi. Kaup á Ölmú, sem er stýrt af **Mariu Björk Einarsdóttur** og á um 1.200 íbúðir, færi langt með að tvöfalda eignasafn Fredensborg á Íslandi en Heimavelliir áttu um 1.600 íbúðir við lok síðasta árs.



### Björgunarpakki

Sveitarfélög, sem sum hver héldu illa um taumana þegar hagkerfið var í uppgangi, vilja meira fjármagn frá ríkinu en til boða stendur. Fremst í flokki fer Reykjavíkurborg, undir stjórn **Dags B. Eggertssonar**. Borgin sagði að það væru „hagstjórnarmistök“ að styðja ekki betur við fjárhag sveitarfélaga og þar með fjárfestingu þeirra. Hafa þarf í huga að ríkið hefur nú þegar komið sveitarfélögum til bjargar með auknum atvinnuleysisbótum, tekjutengingu þeirra og hlutabótaleiðinni. Útsvarið er jú aðaltekjustofn sveitarfélaga sem, ólíkt ríkinu, eru ekki að glíma við stórvægilegan tekjusamdrátt. Rausnarlegir björgunarpakkar fyrir sveitarfélög sem hafa farið illa að ráði sínu og gefið mikið eftir við samningaborðið í kjaraviðræðum er ekki ávisun á góða hagstjórn. Þvert á móti myndi það skapa öfugsnúna hvata. Sagan af litlu gulu hænunni kemur til hugar nema hvað að hænna horfir nú fram á 600 milljarða króna hallarekstur á komandi árum. Þá er eins gott að ráðstafa sínu með skynsamlegum hætti.

### Blóðbað

Útvarpsstjórnin **Stefan Eiríksson** sendi starfsmönnum Ríkisútvarpsins póst undir lok síðustu viku þar sem greint var frá því að þremur hefði verið sagt upp hjá fyrirtækinu „í miklum hagræðingaradgerðum“ sem nú standi yfir. Hefur þá alls fjórum verið sagt upp hjá RÚV á þessu ári, en uppsagnirnar eru sagðar til þess fallnar að „verja kjarnastarfsemi RÚV“. Undir lok síðasta árs var 271 stöðugildi á Ríkisútvarpinu samkvæmt ársreikningi. Um 1,5 prósent af vinnuafli fyrirtækisins hafa því misst vinnuna á þessu ári. Miðað við það blóðbað sem nú ríkir á hinum frjálsa vinnumarkaði myndu mögulega einhverjir kalla þetta ansi vel sloppið.



## Á Ítalíu var hertum aðgerðum vegna COVID-19 tekið illa



Mótmæli brutust út á Ítalíu í borginni Tórinó og var bensinsprengjum kastað í lögreglumenn. Tilefnið var að stjórnvöld ákváðu að bregðast við faraldrinum með því að loka veitingastöðum, krám, líkamsræktarstöðvum og kvikmyndahúsum klukkan sex á kvöldin. Mótmælt var í yfir tíu borgum, þar á meðal Róm, Genóa, Palermo og Trieste. Í Napólí kölluðu mótmælendur eftir því að héraðsstjórnin segði af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þáttaskil fram undan?



**Birgir Haraldsson**  
sérfræðingur hjá Akta sjóðum

**T**veir veigamiklir þættir gætu litað árangur blandaðra eignasafna með hátt vægi erlendra eigna á næstu misserum. Í fyrsta lagi er það framvindan á þróun bóluæfnis gegn COVID-19, en líklega dregur til tíðinda á þeim vettvangi á næstu vikum. Í öðru lagi er það framvindan á gengi krónunnar, en teikn eru á lofti um að styrking á krónunni sé fremur líklegri en veiking þegar horft er inn í næsta ár.

Timalínan sem markar mikilvæga áfanga í þróun bóluæfnis við COVID-19 er orðin stutt og má búast við niðurstöðum úr rannsóknunum lyfjafyrirtækjanna Pfizer og Moderna innan skamms. Þetta getur farið á hvorn veginn sem er, en ef niðurstöðurnar lofa góðu er talið líklegt að bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið gefi út neyðarheimild til notkunar þessara bóluæfna fyrir árslok. Slíkt myndi hafa mikla þýðingu fyrir heimsbúskapinn þar sem stærstu hagkerfi heims eru enn langt frá fullum afköstum vegna sóttvarnaaðgerða. Íslensk ferðaþjónusta ætti þá einnig von um viðspyrnu á síðari hluta næsta árs ef allt gengi að öskum.

Auk þessara hagvaxtaráhrifa er líklegt að ákveðin umskipti eigi sér stað á erlendum hlutabréfamörkuðum þar sem margvíslegar iðnaðar- og þjónustugreinar sem hafa stadið öðrum að baki á þessu ári myndu sækja í sig veðrið ef það tekst að þróa áhrifaríkt og öruggt bóluæfni. Sem dæmi má nefna að hlutabréf fyrirtækja í hótellestri, banka, bjórframleiðenda og olíufyrirtækja eru sum hver nálægt sögulega lágum gildum og hlutabréfavísitölur ákveðinna nýmarkaðsríkja eru enn niður um tugpró-



sent á árinu. Í stuttu máli, þá er líklegt að markaðsforystan komi úr nýrri átt á næstu misserum ef bóluæfnapróanir reynast farsælar. Blönduð eignasöfn verða að horfa til þessa þegar kemur að erlendri hlutabréfaeign þeirra.

Þátturinn sem snýr að krónunni er síðan tvíþættur. Annars vegar hefur Seðlabankinn spyrnt kröftuglega á móti frekari gengisveikingu og hins vegar þarf að líta til aðstæðna á innlendum skuldabréfamarkaði út frá alþjóðlegum vinkli ef bóluæfni finnst á næstu mánuðum. Óþarft er að efast um stefnu Seðlabankans um að vinna gegn frekari gengisveikingu, en ólíkt þeirri magnlausu íhlutun sem hefur átt sér stað á skuldabréfamarkaði þá hafa inngrípin á gjaldeyrismarkaði verið bæði í orði og á borði. Þessi gjaldeyrisstefna ásamt möguleikanum á áhrifaríku bóluæfni sem endurræsir íslenska ferðaþjónustu gera sviðsmyndir krónunnar þannig ósamhverfar og hneigðar til styrkingar þegar litið er til næsta árs.

Samhliða þessu hefur nýlegur söluprýstingur á innlendum

**Nýlegur söluprýstingur á innlendum skuldabréfamarkaði hefur leitt til þess að verðlagning á langtíma ríkisskuldabréfum er á nýjan leik sambærileg við nýmarkaðsríki með svipað lánsþæfismat.**

skuldabréfamarkaði leitt til þess að verðlagning á langtíma ríkisskuldabréfum er á nýjan leik sambærileg við nýmarkaðsríki með svipað lánsþæfismat. Hlutdeild erlendra fjárfesta hefur þá minnkað enn frekar og er líklegast í sögulegu lágmarki eða undir 10% sem er nærri helmingi minni hlutdeild en má finna að jafnaði á innlendum skuldabréfamörkuðum nýmarkaðsríkja. Seð frá sjónarhóli erlendra fjárfesta ætti íslenskur skuldabréfa-

markaður þannig að vera aðlaðandi við núverandi aðstæður: möguleg gengisstyrking í kjölfar áhrifaríks bóluæfnis, samkeppnishæf verðlagning, lítil þátttaka erlendra fjárfesta og auk þess geta skuldabréfa kaup Seðlabankans einungis aukist hëðan í frá. Óverðtryggt skuldabréf væru líklegust til að njóta meðbyrs af þessu.

Fjármagnsflæði til landsins gæti því vel aukist á komandi ársfjórðungum í gegnum skuldabréfamarkaðinn ásamt því að innleiðing Íslands inn í MSCI hlutabréfavísitöluna á næsta ári ætti sömuleiðis að auka við innflæðið. Þetta getur þannig magnað upp þá krafta sem nú þegar benda til sterkari krónu. Blönduð eignasöfn með hátt vægi erlendra eigna verða að horfa til þessa og er virk stýring á gjaldeyrisáhættu því að verða enn mikilvægara atriði fyrir slík eignasöfn.

Þáttaskil gætu þannig verið fram undan og af þessum sökum er mikilvægt að fylgjast vel með framvindu bóluæfnapróunar og halda til haga þeim lykilstærðum sem gætu litað árangur blandaðra eignasafna í kjölfarið á næstu ársfjórðungum.



# FERSKUR FISKUR Á FYRSTA FARRÝMI

MEÐ VIÐKOMU Á ÍRLANDI ÞÁ TENGJUMST VIÐ  
YFIR 100 ÁFANGASTÖÐUM UM ALLAN HEIM



## YFIR HUNDRAD ÁFANGASTAÐIR

Þegar tími, gæði og ferskleiki haldast í hendur þá er flutningur með flugi augljós kostur. Bluebird Nordic býr að áratuga reynslu af flutningi á ferskum fiski um allan heim. Boðið er upp á flug til Dublin á Írlandi, Liege í Belgíu, Köln í Þýskalandi og **jafnframt beint flug til Kanada**. Með traustum samstarfsaðilum og öflugum flutninganeti tengjumst við yfir 100 áfangstöðum víða um heim.

Hvort sem þú ert að flytja út ferskan fisk á nýja markaði eða vantar sérsníðna fraktþjónustu sem hentar þínum þörfum - þá hefur Bluebird Nordic lausnina. Sérútbúnir gámar og vörubretti ásamt hitastýrðum flutningum auka geymsluþolið og tryggja gæðin. Hafðu samband við þjónustufulltrúa og fáðu tilboð.

Bluebird Nordic  
Hlíðasmári 12 • 201 Kópavogur • Iceland  
Sími: 420 0200 • [www.bluebird.is](http://www.bluebird.is)



**bluebird**  
NORDIC

## SKOÐUN

Þórður  
Gunnarsson



## Samhengi

Langflestir sem lesa þennan pistil eru ekki vísindamenn og þaðan af síður sérfræðingar í smitsjúkdómum. Hafa því ekki forsendur til að meta klínískar afleiðingar yfirstandandi sóttvarnaaðgerða. Vísindamenn á sviði smitsjúkdóma eru þeir sem geta veitt okkur upplýsingar um klínískar afleiðingar mismunandi leiða til að takast á við þá farsótt sem nú geisar. En þessir sömu vísindamenn eru hins vegar ekki í betri í stöðu en hver annar til að leggja mat á hvort það sé þess virði að leggja hagkerfið á hliðina til að berjast gegn farsóttinni. Það er síðan ekki sanngjarnt að ætlast til þess af vísindamönnum að þeir geti veitt allhliða svör um allar mögulegar afleiðingar sóttvarnaaðgerða, sama hvort þær kallast efnahagslegar eða samfélagslegar. Það er heldur ekki sanngjarnt að ætlast til þess að vísindamennirnir geti fyllilega metið áhrif sóttvarnaaðgerða á andlega heilsu landsmanna, sama hvort sá andlegi heilsubrestur er vegna félagslegrar einangrunar eða banns við að sækja líkamsræktarstöðvar.

Það er verkefni stjórnmalámmanna að leggja heildstætt mat á hvaða aðgerðir lágmarka skaðann – bæði þann sem hlýst af COVID-19 og líka alls hins. Hingað til hafa ákvarðanir um sóttvarnaaðgerðir eingöngu verið teknar út frá klínískum afleiðingum COVID-19. Annars konar afleiðingar aðgerðanna virðast skipta minna máli.

Samkomutakmarkanir og hvers konar hömlur á atvinnurekstri eru til þess gerðar að kaupa tíma. Á einhverjum tímamarki fer sá tími að verða of dýr, enda er það augljóst að veiran mun ekki hverfa af yfirborði jarðar fyrr en hjarðónæmi hefur verið náð, með eða án aðkomu bóluefnis. Allar ákvarðanir hafa verið teknar með það í huga að bóluefnið muni berast fyrr en síðar. Fáir hafa velt fyrir sér þeim möguleika að tilkoma bóluefnis gæti tafist um nokkra mánuði eða jafnvel ár, sama hvort það er vegna erfiðleika við þróun bóluefnisins eða flöskuhálsa í dreifingu til allra þeirra milljarða sem byggja jörðina. Hvað gerum við þá?

Það er skylda hvers og eins að reyna að sjá hlutina í samhengi, því stjórnmalin skortir slíka sýn. Samkvæmt opinberum gögnum stefnir í að árið 2020 verði það ár sem fæstir láta lífið í um þrjá áratugi (dauðsföll á hverja 100 þúsund íbúa).

Margir hafa órökréttan ótta við dauðann. Dauðinn er auðvitað óumflýjanlegur en virðist í augum margra orðinn ónáttúrulegur. Forfeður okkar lifðu með dauðanum, hann var fastur hluti af tilverunni. Ungir og gamlir dóu, yfirleitt heima hjá sér. Í dag er dauðinn oftast falinn á elliheimilum og spítölum. Óhugsandi, þar til hann bankar á dyrnar.



## Sjö sagt upp í Landsbankanum

Sjö starfsmönnum Landsbankans var sagt upp störfum í gær. Þetta staðfestir Rúnar Pálmason, upplýsingafulltrúi bankans, í samtali við Markaðinn en hann segir uppsagnirnar koma til vegna skipulagsbreytinga.

Um sé að ræða starfsfólk á ýmsum sviðum bankans og ekki séu frekari fyrir-sagnir fyrirhugaðar, að sögn Rúnars.

Starfsfólki Landsbankans fækkaði um meira en tuttugu á fyrstu sex mánuðum



Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri.

Þessa árs og voru ársverk innan bankans um mitt þetta ár 872 talsins, samkvæmt síðasta uppgjöri.

Á fyrri árshelmingi var 3,3 milljarða króna tap á rekstri Landsbankans borið saman við 11,1 milljarða króna hagnað á sama tímabili fyrir ári. Arðsemi eigin fjár var þannig neikvætt um 2,7 prósent á ársgrundvelli. Uppgjör bankans fyrir þriðja ársfjórðung verður birt á morgun, fimmtudag. – hae

26.10.2020

Mér fannst það út í hött, það þarf ekki að biðjast afsökunar á því sem er leyft samkvæmt lögum. Ég held að ástæðan fyrir því að [Sporthúsið] lokaði sé sú að það var ekkert að gera hjá honum.

Björn Leifsson, eigandi World Class



tl.is

# STÓRAUKIÐ ÚRVAL AF SAMSUNG SÍMUM OG TÖLVUVÖRUM



TÖLVU  
LISTINN

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS